

Umhverfis- og orkustofnun
Norðurslóð Borgum,
600 Akureyri

Garðabær, 7. október 2025
202509-0054/A.B.
08.05

Efni: Umsögn – Umsókn um rannsóknarleyfi á vatnasviði Gilsár á Völlum í Múlaþingi - Umhverfis- og orkustofnun.

Vísað er í erindi Umhverfis- og orkustofnunar, dags. 8. september sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna umsóknar Orkusölnunnar ehf., um rannsóknarleyfi á vatnasviði Gilsár á Völlum í Múlaþingi. Umsóknin er lögð fram á grundvelli laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og raforkulaga nr. 65/2003.

Í greinargerð umsækjanda kemur fram að sótt sé um sjö ára rannsóknarleyfi til að afla gagna um vatnafræði, jarðfræði, gróðurfar, lífríki og aðstæður á vatnasviði Gilsár. Markmið rannsóknaða er að kanna möguleika á vatnsaflsvirkjun á bilinu 3–7 MW sem byggir á nýtingu fallhæðar Gilsár, veitu úr Gilsá í miðlunarlón Grímsárvirkjunar og aukinni vatnsmiðlun við Hjálpleysuvatn.

Rannsóknarsvæðið nær yfir upptakasvæði Gilsár og liggur að Hjálpleysuvatni. Í greinargerð kemur fram að svæðið sé að hluta skilgreint sem landbúnaðarland og óbyggt svæði í aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2007–2028.

Í greinargerð umsækjanda er jafnframt fjallað um fyrirhugaða Gilsárvirkjun og þau mannvirki sem tengjast henni. Í umsögn þessari er því ekki einungis fjallað um rannsóknirnar sem sótt er um leyfi fyrir, heldur einnig greind möguleg áhrif þeirrar virkjunar sem rannsóknirnar beinast að.

Votlendi og birkiskógur

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan afmarkaðs rannsóknarsvæðis er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í leyfinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef leyfið gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Það er á ábyrgð leyfisveitanda, í þessu tilviki Umhverfis- og orkustofnunar, að leggja mat á hvort brýnir almannahagsmunir geti réttlætt röskun svæða sem njóta sérstakrar verndar. Slíkt mat verður að byggja á heildstæðum samanburði á valkostum, þ.m.t. núllkostinum, og vera rökstutt með tilliti til almannahagsmuna, náttúruverndargildis og mögulegra mótvægisáðgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Land og skógur hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla leyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Aðgengi og utanvegaakstur

Í greinargerð umsækjanda kemur fram að á rannsóknartíma verði settur upp síritandi vatnshæðarmælir neðan við Hjalpleysuvatn og að framkvæmdum verði haldið í lágmarki. Jarðfræðirannsóknir fela í sér að grafa könnunargryfjur með beltagröfu og að aka verði eftir vegslóðum að hluta, en einnig utan þeirra að stöðum þar sem nauðsynlegt þykir að kanna jarðlög. Umsækjandi áréttar að notast verði við eins litla vinnuvél og unnt er og að rask verði afturkræft að loknum rannsóknum.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er akstur utan vega óheimill. Þó er heimilt, ef nauðsyn krefur, vegna starfa við rannsóknir að aka vélknúnum ökutækjum utan vega enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Rannsóknir eru skilgreindar í reglugerð um umtakmarkanir á umferð í náttúru Íslands nr. 528/2005 sem lögbundnar rannsóknir og aðrar rannsóknir sem eru í samræmi við leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum. Í greinargerð kemur fram að nota eigi beltagröfu og aka henni utan skráðra vega að rannsóknastöðum. Slíkt telst utanvegaakstur og er hann því einungis heimill ef hann er nauðsynlegur fyrir rannsóknina og ekki unnt að vinna rannsóknina með öðrum hætti.

Náttúruverndarstofnun bendir á að rannsóknarsvæðið sé í dag að mestu óraskað náttúrusvæði, fyrir utan nokkur tún í norðurhluta þess. Þá liggja engir vegir eða slóðar upp með Gilsá í suður, sem þýðir að aðgengi að rannsóknarsvæðinu er mjög takmarkað. Mikilvægt er að slíkar aðstæður leiði ekki til lagningar nýrra slóða eða varanlegs rasks á viðkvæmum vistgerðum.

Auk þess er óljóst hvort slóðar á rannsóknarsvæðinu séu skilgreindir sem vegir í náttúru Íslands skv. náttúruverndarlögum.

Í þeim tilvikum sem heimild er til aksturs utan vega er ökumanni skylt að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum sbr. 6. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd.

Gróður, rask og varptími fugla

Rannsóknir sem fela í sér jarðrask, s.s. við gryfjugróft, boranir eða akstur utan vega, geta haft áhrif á gróður og fuglalíf, einkum á viðkvæmum svæðum með birkiskógi, votlendi eða mosa- og graslendi. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að slíkar rannsóknir verði aðeins framkvæmdar utan varptíma fugla, nema sýnt sé fram á að þær valdi ekki truflun á varpi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan afmarkaðs rannsóknarsvæðis eru vistgerðir með mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Það eru starungsmýravist og Runnamýravist, en í þessum vistgerðum er almennt ríkulegt fuglalíf með tegundum eins og spóa, lóupræl, jaðrakan og stelk.

Jafnframt skal forðast jarðrask á viðkvæmum vistgerðum og gróðurþekju og tryggja að allur frágangur raskaðra svæða, þar á meðal gryfja og slóða, fari fram án tafar. Á þeim stöðum þar sem gróður raskast skal unnið markvisst að endurheimt, eftir föngum, og huga að vöktun ef svæði eru viðkvæm. Við endurheimt skal nýta staðbundnar tegundir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í umsókninni er ekki tilgreint hvar á að staðsetja könnunargryfjur eða boranir. Ekki kemur fram hvar umferð vinnuvéla mun fara um það er í áraurum, mólendi eða fjalllendi. Nauðsynlegt er að slík staðsetning liggi fyrir áður en leyfi er veitt, svo hægt sé að forðast röskun á viðkvæmum vistgerðum og meta mótvægisáðgerðir með fullnægjandi hætti.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn. Mannvirkjum og framkvæmdum ber að haga þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Bakkagróður hefur verndargildi bæði fyrir lífríki vatnsins og hann myndar jafnframt mikilvægt búsvæði fyrir fjölbreyttan gróður og dýralíf, þar á meðal varp- og fæðusvæði fugla. Nauðsynlegt er að tryggja að fyrirhugaðar rannsóknir og hugsanleg virkjun raski ekki þessum gróðri að óþörfu og að skýrar mótvægisáðgerðir verði skilgreindar ef framkvæmdir ná til árbakkabakka.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að á rannsóknarsvæðinu séu ekki skilgreind mikilvæg fuglasvæði samkvæmt Náttúrufræðistofnun. Engu að síður má gera ráð fyrir að svæðið hafi mikið gildi fyrir mófugla, einkum tegundir sem verpa í mólendi, graslendi og votlendi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að á svæðinu má vænta varps ábyrgðartegunda Íslands, s.s. spóa, lóu og hrossagauks, sem njóta alþjóðlegrar verndarskyldu. Þá geta aðrar votlendis- og mófuglategundir átt varp á svæðinu, t.d. jaðrakan og heiðlóa.

Rannsóknir sem fela í sér jarðrask, akstur utan vega eða aukna mannaferð geta valdið truflun á varpi þessara tegunda. Því leggur Náttúruverndarstofnun áherslu á að allar framkvæmdir og rannsóknir verði skipulagðar utan varptíma fugla, nema sýnt sé fram á með rannsóknum að þær valdi ekki truflun.

Útivist, landslag og ásýnd

Í greinargerð kemur fram að rannsóknarsvæðið sé skilgreint sem óbyggt svæði og að gönguleiðir liggi meðfram Gilsá beggja megin árinna.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið er í dag algjörlega óraskað náttúrusvæði sem hefur mikið gildi fyrir útivist. Jarðfræði svæðisins einkennist m.a. af líparít sem skartar ýmsum litum. Kolsvartar blágrýtisæðar liggja liggja hér og þar í líparítsskriðum og er svæðið mikið af skrautlegu grjóti saman komið (úr Árbók F.Í. 1944, 112). Fyrirhugaðar rannsóknir, þar á meðal gryfjugröftur, boranir og umferð vinnuvéla, geta valdið raski og haft neikvæð áhrif á upplifun ferðafólks og dregið úr aðdráttarafli svæðisins sem ósnortins útivistarsvæðis.

Samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við skipulag og framkvæmd mannvirkjagerðar gætt að því að ásynd lands og náttúrulegt útlit raskist sem minnst. Þetta á sérstaklega við á svæðum sem hafa mikið gildi fyrir útivist og upplifun náttúru. Nauðsynlegt er að tryggja að rannsóknir og hugsanlegar framkvæmdir leiði ekki til varanlegrar skerðingar á ásynd svæðisins, né að gönguleiðir og aðgengi ferðafólks verði skert.

Óbyggð víðerni

Náttúruverndarstofnun bendir á að eitt af markmiðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að standa vörð um óbyggð víðerni. Samkvæmt 19. tölulið 5. gr. laganna er óbyggt víðerni skilgreint sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð og að jafnaði a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum eða tæknilegum ummerkjum, svo sem vegum, orkuverum og raflinum. Á slíkum svæðum á að vera unnt að njóta einveru og ósnortinnar náttúru án truflunar.

Innst í dalnum þar sem Gilsá liggur er mjög líklega hægt að upplifa slíkt víðerni. Þótt mannvirki séu til staðar í nágrenni, þá fela landfræðilegar aðstæður þau að hluta, og svæðið býður upp á upplifun ósnortinnar náttúru.

Við lagabreytingu nr. 43/2020 var skilgreining óbyggðra víðerna skýrð nánar. Áður gátu mannvirki í allt að 5 km fjarlægð útilokað að nærliggjandi svæði yrði talið víðerni, jafnvel þótt þau sæjust ekki vegna landslags. Með breytingunni var tekið mið af landfræðilegum aðstæðum fremur en eingöngu loftfjarlægð frá mannvirkjum. Þetta er sérstaklega mikilvægt við mat á Gilsárdal þar sem fjarlægðin frá mannvirkjum er tiltölulega lítil en ásynd og náttúrugildi svæðisins bera einkenni víðerna.

Nauðsynlegt er að meta áhrif fyrirhugaðra rannsókna og mögulegrar virkjunar á upplifun víðerna í dalnum, bæði vegna ásyndarbreytinga og aukinnar mannaferðar.

Virkjun í Gilsá

Í greinargerð umsækjanda kemur fram að ef af virkjun verður í Gilsá gæti uppsett afl orðið á bilinu 3–7 MW. Áformin fela í sér að nýta fallhæð árinna, veita vatni úr Gilsá í lón Grímsárvirkjunar og byggja stíflu og inntak við Hjálpleysuvatn.

Náttúruverndarstofnun telur að virkjunarframkvæmdir, verði af þeim, geti rýrt verndargildi svæðisins umtalsvert. Virkjun í Gilsá myndi óhjákvæmilega fela í sér mannvirkjagerð, svo sem vegagerð, stíflu, aðrennslisgöng og stöðvarhús. Slík mannvirki geta breytt árfarvegi, raskað skógi, vatni og votlendi sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, raskað vistgerðum með hátt verndargildi, dregið úr rennsli í gilinu og haft afgerandi sjónræn áhrif á landslag.

Að mati stofnunarinnar gætu virkjunarframkvæmdir haft neikvæð umhverfisáhrif og óafturkræft rask á náttúruverðmætum svæðisins, þar sem stórbrotið landslag, gil, fjölbreyttar vistgerðir og búsvæði fugla. Slíkar breytingar myndu jafnframt draga úr upplifun víðerna og gildi svæðisins fyrir útivist og náttúruupplifun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

teymisstjóri

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri